

Sp.

265. Tillaga til þingsályktunar

[144. mál]

um iðnskóla.

Flm.: Sigurður Magnússon, Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lög-
unum um iðnfræðslu, þar sem m. a. verði við það miðað, að iðnskólarnir verði
reknir af ríkinu einu.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur iðnmenntun og verkmenntun öll verið hornreka í is-
lenzku skólakerfi, þar sem nám iðnnema hefur verið háð misgóðri verknáms-
kennslu iðnmeistara, utan hins eiginlega skólakerfis. Þetta er nú almennt viður-
kennt, og í málefнасáttmála núverandi ríkisstjórnar segir svo um iðnmenntun:

„Iðnnám og tæknimenntun þarf að endurskipuleggja frá rótum, allt frá al-
menntu iðnfræðslu til stofnunar tækniháskóla.“

Nokkuð hefur þó áunnizt hin síðari ár, en með tilkomu laganna um iðnfræðslu,
nr. 68/1966, var m. a. gert ráð fyrir byggingu átta iðnskóla eða eins í hverju kjör-
dæmi. Var jafnframt gert ráð fyrir því í lögnum, að iðnskólar þessir starfræktu
verknámsskóla, „þar sem veitt skal fræðsla, verkleg og bókleg, um undirstöðuatriði
iðnstarfsins“, eins og segir í lögnum. Var með þessum ákvæðum laganna greini-
lega mörkuð sú stefna af löggjafans hálfu að færa í auknum mæli inn í sjálfa skól-
ana þá verklegu kennslu, sem fram til þess hafði eingöngu verið í höndum iðn-
fyrirtækja eða iðnmeistara. En slík hafði þróun iðnnáms verið í öllum löndum, sem
láta sig verkmenntun og framþróun nokkru skipta. Nú er nær hálfur áratugur síðan
þessi stefnumörkun um uppbyggingu verknámsskóla iðnaðarins átti sér stað, en allt
of lítið hefur miðað í rétta átt. Tvennt hefur einkum orðið til að tefja framkvæmda-
hraða við þær iðnskólabyggingar, sem ákveðið hefur verið að reisa. Það er skortur
á nægilegu fjármagni og samvinnu og samhug hinna einstöku sveitarfélaga, sem ætlað
var að stæðu að rekstri hinna einstöku skóla ásamt ríkisvaldinu.

Þó er rétt að viðurkenna, að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1972 er af hálfu ríkis-
valdsins brugðið myndarlega við og gjaldfærður stofnkostnaður iðnskóla nær tvö-
faldaður frá árinu áður. Ljóst er þó, að ef takast á að lyfta því „Grettistaki“ sem
uppbygging verknámsskóla iðnaðarins er á næstu árum, þarf að veita til þeirra
stórauðnu fjármagni, auk þess sem hindra þarf, að þröngir staðarhagsmunir tefji
framkvæmdir. Ætla verður að aðild sveitarfélaga, sem mörg hver eru fjárvana,
muni verða hemill á nauðsynlegan framkvæmdahraða. Auk þess er ekkert eðlilegra
en að ríkisvaldið reki að öllu leyti iðnskóla landsins, eins og nú er um ýmsa aðra
sérskóla skólakerfisins.

Í þingsályktunartillögu þeirri, er hér að framan greinir, er lagt til, að iðnfræðslu-
lögín verði öll tekin til endurskoðunar og í þeirri endurskoðun verði m. a. komið í
veg fyrir þann augljósa ágalla laganna, sem gerir ráð fyrir aðild sveitarfélaga að
rekstri iðnskóla landsins.